



STARFSMANNASTEFNA ML

1.1 SKÓLINN STEFNIR AÐ ÞVÍ

- að hvetja starfsmenn sína til stöðugar viðbótar- og endurmenntunar.
- að hafa ávallt á að skipa vel menntuðu og öfluggu kennaraliði.
- að hvetja starfsmenn sína til að beita fjölbreyttum og lifandi kennsluaðferðum.
- að vinna stöðugt að jákvæðum starfsanda meðal starfsmanna og vilja til að vinna skólanum vel.

Allir starfsmenn Menntaskólans að Laugarvatni skulu leggja sitt af mörkum til að skapa aðstæður fyrir starfsfólk til að vera ánægt með vinnustað sinn. Stuðlað skal að því að jákvætt viðmót og gagnkvæm virðing ríki milli allra þeirra sem starfsmannastefnan nær til. Mikilvægt er að hver og einn starfsmaður njóti sín í starfi þannig að honum finnist hann vera þýðingarmikill hluti af heildinni.

1.2 RÁÐNINGAR

- Gerð er sú krafa að til skólans ráðist starfsfólk sem uppfyllir kröfur um fagkunnáttu, hæfileika, menntun, reynslu og persónulega eiginleika til að það geti leyst verkefni skólans í nútíð og framtíð.
- Gerðir skulu formlegir ráðningarsamningar við alla starfsmenn þegar við upphaf starfs þeirra.
- Starfslýsingar skulu gilda fyrir öll störf hjá skólanum. Skólameistari mótar nýjar starfslýsingar í samráði við þá sem hann kallar til. Starfslýsingar skal móta innan ramma þeirra kjarasamninga sem gilda um viðkomandi störf. Nýjar starfslýsingar skulu kynntar fyrir skólanefnd. Lagfæringar og verkefnatengdar breytingar á starfslýsingum eru í höndum skólameistara.
- Tekið skal ítrasta tillit til jafnréttissjónarmiða við ráðningar í störf, tilfærslu milli starfa og kjaraákvæðanir.

1.3 MÓTTAKA NÝLIÐA

- Taka skal vel á móti nýju starfsfólki svo það finni sig velkomið til starfa. Það skal frætt um vinnubrögð og starfsvenjur á nýjum vinnustað, starfsmannastefnu skólans, markmið hans og um starfshætti í heild.
- Ef í ljós kemur að nýr starfsmaður getur ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til starfsins í starfslýsingu skal viðkomandi stjórnandi leitast við að leiðbeina viðkomandi eins vel og kostur er svo hann geti sinnt starfinu og/eða útvega viðkomandi starfsmanni þá fræðslu eða starfsmenntun sem bætir þar úr.



- Starfsmönnum ber að hlíta lögmetum fyrirmælum yfirmanna sinna og gæta þess að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu sem þeir gegna.

1.4 STARFSÞRÓUN

- Ávallt skal haft að leiðarljósi að skapa aðstæður til að vellíðan og heilbrigði starfsmanna sé sem mest. Tryggt skal að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustaðnum séu í sem bestu horfi.
- Unnið skal að því að starfsfólk og vinnustaður geti þróast í sameiningu til hagsbóta fyrir nemendur skólans samhliða eflingu starfsánægju og auknum þroska hvers starfsmanns.
- ML skal vera vinnustaður þar sem starfsfólk á möguleika á starfsframa í samræmi við metnað og kunnáttu. Fagleg og persónuleg hæfni hvers starfsmanns skal nýtt og augin með tilliti til sameiginlegra hagsmuna starfsmannsins og skólans. Starfsfólk á þannig að geta eflst í starfi til að geta tekið við nýjum hlutverkum á vinnustað sínum. Þannig er unnt að auka hæfni skólans til að takast á við síbreytileg viðfangsefni.
- Starfsmönnum er skylt að viðhalda faglegri þekkingu sinni í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til skólans og starfsmanna hans. Ef nauðsynlegt er að breyta starfslýsingum og verkefnum skulu starfsmenn hlíta því enda samrýmist slíkar breytingar ákvæðum kjara- og ráðningarsamninga viðkomandi.

1.5 VÍMUEFNI

- Skólinn skal vera reyklaus á grundvelli ákvæða laga og reglugerða þar að lútandi. Þar skulu ekki höfð um hönd vímuefni af neinu tagi. Starfsmönnum sem vilja vinna úr vandamálum sem tengjast misnotkun vímuefna skal veita leiðbeiningar og aðstoð til þess. Ef starfsmaður þarfnast meðferðar á stofnun vegna vanda síns á þessu sviði hefur hann rétt á sérstöku veikindaleyfi vegna fyrstu dvalar sinnar á meðferðarstofnun. Verði áfram til staðar vandi á þessu sviði hjá viðkomandi sem sannarlega kemur niður á vinnu hans fyrir skólann skal hann leystur frá störfum.

1.6 STJÓRNENDUR

- Með starfsmannastefnunni er gerð sú krafa að stjórnendur tileinki sér góða og árangursríka stjórnunarhætti og þeir hafi mikla yfirsýn yfir verksvið sitt og samhæfi störf undirmanna sinna svo að markmiðum skólans og starfsmannastefnunnar verði náð með sem hagkvæmustum hætti.
- Stjórnendur skulu leitast við eins og kostur er að upplýsa starfsmenn um heildarþróun þeirrar starfsemi sem þeir taka þátt í að framkvæma og allar ákvarðanir er varða starfssvið þeirra. Upplýsingastreymið skal miða að því að efla sem besta heildaryfirsýn starfsmanna bæði hvað varðar þeirra nánasta starfsumhverfi sem og alla meginþætti í starfsemi skólans.



STEFNUSKJAL.

FLOKKUR: MANNAUÐSMÁL

ÁBYRGÐARAÐILI: SKÓLAMEISTARI

ÚTGEFIÐ: 5.5.2022

- Stjórnendur skulu leitast við að hafa samráð við starfsmenn um málefni skólans og beita sér fyrir sem víðtækastri sátt um stefnu og starfshætti. Markmiðssetning skal unnin í sem mestri samvinnu starfsmanna.
- Stjórnendur skulu leitast við að ræða skipulega og reglulega við starfsfólk sitt á almennum starfsmannafundum og/eða í einkaviðtölum um framkvæmd starfslýsinga, vinnuframlag og möguleika starfsmanna á þróun í starfi jafnframt því við slíkar aðstæður að sinna upplýsingaskyldu sinni skv. starfsmannastefnunni.

1.7 LAUNASTEFNA OG ENDURGJÖF

- Launastefna Menntaskólans að Laugarvatni er að greiða fyrir störf hjá skólanum á svipaðan hátt og tíðkast fyrir sambærileg störf hjá öðrum framhaldsskólum.
- Skólameistari skal annast skráningu eða staðfesta unna yfirvinnu undirmanna sinna.
- Endurgjöf til starfsmanna skal vera regluleg og formleg en einnig óformleg eftir atvikum.

1.8 FRAMKVÆMD

- Skólameistari skal hafa eftirlit og umsjón með framkvæmd starfsmannastefnunnar.
- Skólameistari hefur yfirumsjón með framkvæmd kjarasamninga og ber ábyrgð á að tryggt sé af hálfu Menntaskólans að Laugarvatni að staðið sé að fullu við öll ákvæði þeirra.
- Ákvæði starfsmannastefnu Menntaskólans að Laugarvatni geta ekki skert kjarasambandsbundin réttindi starfsmanna og skulu þau framkvæmd á grundvelli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og laga um framhaldsskóla nr.92/2008 með síðari breytingum.